



Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. apríl 2012
EBG/--

Efni. Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins, á 140. löggjafarþingi, þskj. 39 - 39. mál
Tilv. 2012040002

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði alþingis, dags. 26. mars 2012. Tillagan var áður flutt á 139. löggjafarþingi og er nú endurflutt. Bændasamtök Íslands vísa til umsagnar sinnar við þingmál á þskj. 93 - 88. máli (erindi nr. P 139/447). Auk þess vilja samtökin koma eftirtöldu á framfæri.

Aðlögun íslenskrar stjórnsýslu og réttar að Evrópusambandinu stendur nú sem hæst. Fjöldmörg dæmi þess hafa litið dagsins ljós á síðustu mánuðum og í nokkrum tilvikum eru uppi tillögur sem ganga gegn lágmarkskröfum Bændasamtaka Íslands sem þau kynntu síðast sumarið 2011. Í öðrum tilvikum hefur verið gengið þvert á álit meiri hluta utanríkismálanefndar um þingsályktunartillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, dags. 9. júlí 2009. Vinnubrögð stjórnvalda í málinu eru þeim ekki til framdráttar og í raun óásættanleg.

Bændasamtökin mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.